

Rannsóknir á seiðabúskap Ormarsár og Deildarár 2006

Reykavík 10. febrúar 2007

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur
Kroshömrum 7A,
112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864
jonkr@mmedia.is

Rannsóknir á seiðabúskap Ormarsár og Deildarár 2006

Salmon in Ormarsá and Deildará 2006

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Kroshömrúm 7A,
112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864
jonkr@mmedia.is

Inngangur

Seiði voru veidd í Ormarsá og Deildará dagana 20-22. ágúst, með svipuðum aðferðum og á sömu stöðum og undanfarin ár með þeirri undantekningu að færri stöðvar voru teknar efst í Ormarsá og ekki var farið ofar en að Bláskriðu.

Þetta er vegna þess að vegurinn er orðinn svo slæmur ofan Bláskriðu að ekki er leggjandi bíla í að fara ofar.

Hvað varðar efsta hlutann þá hefur sýnt sig að hrygning er árviss á efstu stöðvum, uppi við Arnarstaðavatn, og er reiknað með að það gildi um miðkaflann einnig. Rafveiðiskilyrði voru góð, hæfilegt vatn í ánni og veður ágætt, sól og hlýja.

Niðurstöður úr Ormarsá

Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Seiðabúskapur Ormarsár er góður.

Þokkalegt magn af seiðum er í ánni allt niður að veiðistað no. 4.

Fremur lítið fannst við veiðistað 4 og einungis eitt seiði fannst á

stöðinni neðan við brúna. Það er minna en nokkuru sinni fyrr.

Ekki fannst nema eitt seiði eldra en 2 ára, en megnið af seiðunum

virðist nú ganga til sjávar 2 og 3 ára. Fyrir hlýindaárin 2003-2004

gengu seiðin til sjávar 3-5 ára.


Ársgömul seiði eru svipaðrar stærðar og þau voru í fyrra (2005), en þá var veitt um mánuði fyrr þannig að þau vaxa hægar nú en þá. Þetta mun leiða til þess að seiði fara að ganga út eldri en áður, sem þýðir væntanlega að sjógönguseiðum fækkar.

The parr population is normal except at the lowest two stations. Only one parr was caught below the bridge. The growth is good. Next year two year old smolts will leave the river. The growth rate of parr is now slowing down and the average smolt age will gradually increase.


Ormarsá:	20-21. ágúst 2006		Aldur, age								
Stöð Site no.	Staður Place	Fatarmál Areal	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m² No/100m²
		Fj	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	Gamla vaðið	50	18	3.9	1	6.5	1	10.2			40
2	Bláskriða	50	1	4.3	11	6.7	1	10.4			26
3	Veiðist 14	50			10	6.4	2	9.9			24
4	N Foss	100	4	4	12	7.0	2	10.6			22
5	Veiðist 4	100	2	3.8	1	6.4	4	11.0	1	13	8
6	Brú	80			1	6.6					1
Sum:		430	25		36		10		1		17

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða í Ormarsá 20. og 21. ágúst 2006.
Result of the electrofishing in Ormarsá 2006.


Reykavík 10. febrúar 2007



Mynd 1. Lengdardreifing seiða á stöð 1. Length distribution of salmon parr at site 1, near Arnastadarvatn, in Ormarsá.



Mynd 2. Lengdardreifing seiða á stöðvum 2-7. Length distribution of salmon parr at sites 4-7 in Ormarsá.




Mynd 3. Lengdardreifing allra veiddra seiða (stöðvar 1-7). Length distribution of salmon parr at all sites in Ormarsá 2006.

Niðurstöður úr Deildará

Í Deildará var veitt á einum stað, rétt fyrir ofan gömlu brúna. Þar var talsvert af seiðum aðallega eins og tveggja ára gömlum. Vöxtur seiða er þarna mjög góður.

Í Efri Deildará var veitt í Bleikjuhyl og þar var urmull laxa- og urriðaseiða. **Hrygning laxa fyrir ofan grind er með eðlilegum hætti að best verður séð.**

Í öllum rannsóknum í þverám ofan Deildarvatns hafa fundist laxaseiði í eðlilegu magni. Ekki er að sjá að grindin hafi nokkurn tíma hindrað eðlilega hrygningu laxa á svæðinu, enda er hún tekin upp síðari hluta september ár hvert, áður en laxinn fera að hrygna. **Undirritaður telur ekki nauðsyn á árlegum rannsóknum á tilvist laxaseiða í þverám ofan Deildarvatns, og óþarft að setja það sem skilyrði fyrir notkun ristarinnar.**



Mynd 4. Lengdardreifing laxaseiða í Deildará við brú. *Length distribution of salmon parr in Deildará.*

Deildará:				Aldur, Age								
Stöð Site	Staður Place	Tegund Species	Fatarmál Areal, m²	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m² No/100m²
				Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
Við Brú	Deildará	Lax	25	1	4.3	7	7.3	1	9.8	2	11.4	44.0
Bleikjuhylur	Efri Deildará	Lax	10	10	3.6	9	6.1	10	9.4			290.0
Bleikjuhylur	Efri Deildará	Urriði	10	2	4.1	1	7.5	1	9.6			130.0

Tafla 2. Niðurstöður rafveiða í Deildará og Efri Deildará 20-22. ágúst 2006. Results of the electrofishing in Deildará and upper Deildará.


Samantekt

Seiðaástand beggja ána gott. Gönguseiðaframleiðsla í Ormarsá gæti þó verið að dragast saman vegna þess að hægt hefur á vexti seiða frá því hann var bestur árin 2003 og 2004. Þetta þarf þó ekki endilega að koma fram sem minni laxgengd því hún virðist ráðast meira af öðrum þáttum eins og skilyrðum í sjó.

Þar með talinn þorskur, sem mikið er af í nágrenni ána, hann hlýtur að taka stóran toll af seiðunum á vorin þegar þau ganga í sjó fram.

Summary

The parr situation in both rivers is good. Growth of parr in Ormarsá is slower than last year and this could lead to reduction in smolt production. Salmon runs seem to be more affected by the sea condition, cod predation included, than the size of the smolt run.



Mynd 5. Lengdardreifing laxaseiða í Efri Deildará. *Length distribution of salmon parr in Upper Deildará.*